Grásleppuveiðar

Á vertíðinni stunduðu 336 bátar grásleppuveiðar sem var 33 leyfum færra en 2011, en þá var metþátttaka í veiðunum.

Heildarafrakstur veiðanna varð 12.205 tunnur af söltuðum grásleppuhrognum. Alls var landað 4.114 tonnum af grásleppu sem var skorin í landi, sem var fimmfalt meira en 2011. Veiðin á vertíðinni var fjórðungi meiri en á metvertíðinni 2011. Verð byrjaði nokkuð hátt en lækkaði svo þegar leið á vertíðina.

Gamalt vandamál hefur nú skotið upp kollinum sem eru óseldar tunnur, má ætla að það sé um fjórðungur veiðinnar. Það hefur leitt til þess að fyrirsjáanlegur eru takmarkanir á veiðum næsta árs í formi færri sóknardaga. Aflaverðmæti vertíðarinnar urðu 2 milljarður.

Best var veiðin á N-landi, en þar fengu menn að meðaltali tæpa tunnu á dag. Þar voru einnig flest leyfin (E svæði) eða þriðjungur þeirra.

	2012					2011			
	fjöldi leyfa	nýttir dagar	veiði tunnur	tunnur /dag		fjöldi leyfa	nýttir dagar	veiði tunnur	tunnur /dag
A	52	2.600	1.719 tu	0,66 tu	A	69	3.405	1.646 tu	0,48 tu
B	70	3.205	2.163 tu	0,67 tu	B	96	3.721	1.748 tu	0,47 tu
C	20	1.000	592 tu	0,59 tu	C	27	1.318	616 tu	0,47 tu
D	45	2.250	1.899 tu	0,84 tu	D	38	1.888	1.564 tu	0,83 tu
E	110	5.500	4.935 tu	0,90 tu	E	97	4.850	3.302 tu	0,68 tu
F	31	1.550	813 tu	0,52 tu	F	31	1.550	837 tu	0,54 tu
G	8	400	84 tu	0,21 tu	G	11	600	67 tu	0,11 tu
	336	16.505	12.205	0,74 tu		369	17.332	9.780	0,56 tu
	-9%	-5%	25%	31%		7%	-15%	-43%	-34%
	dagar alls	ónýttir dagar		Lok		dagar alls	ónýttir dagar		Lok
	16.800	295	2%	12.205 tu		18.450	1.118	6%	10.657 tu

Heildarveiði í heiminum endaði nú í um 25 þús. tunnur sem er nokkru meira en gert hafði verið ráð fyrir.

Grænlendingar veiddu um 10.500, Norðmenn með 1.500 tunnur og Nýfundnalendingar með um 600.